

Yfirlýsing Aðalstjórnar ÍR

vegna upplýsinga um ósk Heklu bifreiðaumboðs eftir lóð í grennd við félagssvæði ÍR í Suður Mjódd

Tilurð yfirlýsingarinnar

Samkvæmt upplýsingum félagsins hefur Reykjavíkurborg verið í viðræðum við Heklu bifreiðaumboð um úthlutun 24.100 fermetra landsvæðis er liggur að ÍR svæðinu. Um er að ræða svæðið fyrir sunnan frjálsípróttavöll félagsins sem nýhafnar eru framkvæmdir við.

Forsenda yfirlýsingarinnar

Umrætt svæði sem er ódeiliskipulagt hefur verið ætlað til útvistar og hreyfingar. Deiliskipulagsbreyting var gerð árið 2015, í kjölfar samnings ÍR og Reykjavíkurborgar um frjálsípróttavöll félagsins. Við þá samningsgerð, sem og við gerð síðasta deiliskipulags, var gert ráð fyrir að svæðið yrði útvistar og hreyfingarsvæði. Jafnframt hefur það verið skilningur Breiðholtsbúa í tugi ára að svæðið í Mjóddinni skuli vera íprótta- og útvistarsvæði. Hefur þetta verið forsenda uppbyggingar félagsins og eru framtíðaráform félagsins að Breiðholtsbúar geti sótt í alhliða góða aðstöðu í Mjóddinni til útvistar, óháð því hvort sóttar séu beinar æfingar til félagsins. Þátttaka í hverskonar almenningsípróttum og útihlaupum vex ár frá ári og þar af leiðir að opin svæði verða í framtíðinni enn mikilvægari til hreyfingar og útvistar. Það svæði sem hér um ræðir er dýrmætt framtíðarsvæði fyrir hverskonar útvist og hreyfingu í tengslum við öflugt og sívaxandi ípróttastarf ÍR.

Niðurstaða yfirlýsingar


Af ofangreindum ástæðum mótmælir félagið harðlega öllum hugmyndum Reykjavíkurborgar um að koma að annarskonar starfsemi í kringum ÍR svæðið í Mjóddinni. Félagið sem hagsmunaaðili að svæðinu, lýsir sig fullkomlega andvígnt deiliskipulagsbreytingum sem fela í sér skerðingu á svæðum til útvistar og hreyfingar í grennd við athafnasvæði félagsins í Suður Mjódd.


Þá telur félagið ljóst að íbúar Breiðholts séu almennt sammála félaginu í þessu máli og mun félagið leita álits íbúa Breiðholts á þessari fyrirætlan Reykjavíkurborgar.


Jafnframt lýsir félagið yfir óánægju með að Reykjavíkurborg skuli ekki hafa ráðfært sig formlega við félagið um fyrirætlanir sínar.

Reykjavík, 11. mars 2016


Aðalstjórn Ípróttafélags Reykjavíkur


Bjarki Þór Sveinsson form


Reynir Leví Guðmundsson gjaldkeri


Guðrún Helga Brynjólfsson meðstj


Ingigerður Guðmundsdóttir varaform


Sigurður Albert Ármannsson ritari